



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við embættistöku
1. ágúst 2012**

Góðir Íslendingar

Með auðmýkt og þakklátum huga tek ég á ný við ábyrgðinni sem þjóðin hefur falið mér, skyldunum sem stjórnskipun landsins færir forsetanum.

Þótt aðdragandinn væri annar en áður urðu kosningarnar tvímælalaust gagnleg vegferð, skerptu sýn landsmanna á embættið, eflðu samræður um heill og farsæld Íslendinga.

Á þessari stundu er því rétt að þakka öllum sem með framboði sínu og stuðningssveitum gerðu þjóðinni kleift að meta embættið, eðli þess og verkefni á vogarskálum sem æðstar eru í lýðræðisskipan, kosningum þar sem allir standa jafnfætis.

Forsetakjör af slíkum toga er í takt við lýðræðiskröfur okkar tíma, fylgir þeim betur en viðhorfin sem löngum réðu för, að ekki væri við hæfi að etja kappi við forsetann, að hið fyrsta kjör skapaði hefðarrétt til langrar setu.

Lýðræðiskjarni stjórnarskrár og tíðarandi nýrrar aldar eru ótvíræðar vísbendingar um að sérhver forseti á að fagna því að athafnir hans og orðræða séu vegin og metin við endurnýjun umboðsins, einkum þegar umdeildar ákvarðanir hafa verið dagskrárefni, forsetinn vísað lögum frá Alþingi í dóm þjóðarinnar.

Nýliðnar kosningar voru því gleðilegur vitnisburður um lýðræðisþróun; í raun heilbrigðismerki á tímum endurreisnar; öflugur stuðningur við þá kröfu að áfram verði haldið á braut hins beina lýðræðis.

Það sýnir kosti þeirrar stjórnarskrár sem þjóðin sameinaðist um við lýðveldisstofnun að í kjölfar bankahrunsins veitti hún fólkinu í landinu fimm sinnum vald til að kveða upp sinn dóm: í kosningum til Alþingis og sveitastjórna, í tveimur þjóðaratkvæðagreiðslum og í nýlegu forsetakjöri. Engin önnur ríki í Evrópu hafa á þessum örlagaríku árum veitt almenningi úrslitavald í svo ríkum mæli.

Baráttan fyrir sjálfstæði og fullum rétti Íslendinga markaði grundvöll stjórnskipunar sem á margan hátt hefur reynst þjóðinni vel enda jafnan verið löguð að þörfum nýrrar tíðar. Sú hugsjón ávallt leiðarljós að þjóðin væri hinn æðsti herra; allar stofnanir og ráðamenn yrðu að lúta vilja hennar.

Í þessum efnum er stjórnarskráin ótvíræð, ákvæðin skýr þótt orðalagið mætti vera einfaldara. Hún er rammi sem hélt þrátt fyrir stéttaátök og kalda stríðið og veitti á nýliðnum árum svigrúm til að mæta kröfum mótmælenda og gera upp mál með atkvæðagreiðslum þjóðarinnar.

Íslendingar hafa ávallt borið gæfu til að ná víðtækri samstöðu um breytingar á stjórnarskrá, skapa einhug sem í aðdraganda aldamóta birtist við afnám deildaskiptingar Alþingis, mótun nýs kafla um mannréttindi og breytta tilhögun þingrofsins.

Þjóðin hefur búið að samstöðu sem ofin er úr mörgum strengjum, á sér djúpar rætur í sögu okkar og menningu, mótuð af nábyli við náttúruöflin og sækir styrk í glímuna við ögrandi vanda.

Mörg ríki, jafnvel í Evrópu, búa við lamandi átök, togstreitu ólíkra tungumála og menningarhefða, arf frá fyrri öldum sem enn skipar fólki í flokka.

Við Íslendingar höfum hins vegar notið þess að móðurmálið, menning, saga og trúarhefð tengja okkur saman, skapa bönd sem aldrei slitna þótt átök á öðrum sviðum reynist þolraun. Þessi arfleifð er einnig grundvöllur sífelldrar endurnýjunar og nýsköpunar í bókmenntum og listum, veganesti vísinda og rannsókna.

Sigrarnir í útfærslu landhelginnar, þegar hið unga lýðveldi gekk á hólmi við heimsveldið, voru líka aflgjafar í þessum efnum. Þjóðin fann að samstaðan tryggði árangur. Með brottför hersins greri líka um heilt, gjáin sem áður skipti þjóðinni í fjandsamlegar fylkingar varð að heilum velli; hornsteinar í sambúð okkar við önnur ríki gátu á ný orðið sameign allra.

Fátt er lítilli þjóð brýnna en víðtæk og traust samstaða um stöðu hennar í veröldinni. Því er gleðiefni að vinátta norrænna þjóða hefur

vaxið í fjölbætt bandalag. Þjóðþingin, ríkisstjórnir, sveitarfélög og almannasamtök styrkja sameiginlega hagsmuni á æ fleiri sviðum.

Norðurslóðir eru nýjasti vettvangur slíkrar samstöðu. Ásamt Rússlandi, Kanada og Bandaríkjunum móta norræn ríki þar viðtækt samstarf, ná árangri sem sannar að farsæl samvinna getur á skömmum tíma komið í stað langvarandi togstreitu; vígbúnaður kalda stríðsins vék fyrir anda vináttu og lýðræðis.

Ályktun Alþingis um stefnu Íslands á Norðurslóðum, einhuga stuðningur allra flokka, er dæmi um nýjar og farsælar aðferðir við mótun utanríkisstefnu, sýnir að hægt er með góðum vilja að skapa þjóðareiningu um grundvallarþátt í stefnu Íslands.

Slík reynsla er gott veganesti þegar kallað er eftir þáttaskilum í viðfangsefnum þings og þjóðar, þáttaskilum sem byggja á því að átök og uppgjör í kjölfar hrunsins séu senn að baki; framundan sé tími samstöðu og uppbyggingar; þáttaskilum sem einkum taka mið af því sem tengir okkur saman, sækja viðspyrnu í burðarása sem í áratugi hafa staðið undir árangri hins íslenska lýðveldis.

Vissulega á eftir að leiða til lykta margt, sem rekja má til hrunsins, en flest af því er til meðferðar hjá dómstólum og sérstökum rannsakendum, stofnunum sem munu ljúka verki í samræmi við reglur réttarríkis.

Við hin þurfum nú að sameinast um verkefni sem mótað geta farsæla framtíð Íslendinga, ríkari af reynslu liðinna ára og staðráðin í að gera betur.

Allir sem kjörnir eru til ábyrgðar eiga að taka höndum saman, láta uppbyggingu leysa átök af hólmi.

Þjóðin biður um slík þáttaskil; það er lærdómur samræðnanna sem fram fóru í aðdraganda kosninganna; í byggðarlögum, á vinnustöðum og heimilum.

Þjóðin vill geta treyst Alþingi og öðrum stofnunum lýðveldisins. Samstaða um hin stærstu mál í stað sífellds ágreinings er vísasti vegurinn til að endurvekja traustið sem löggjafanum er nauðsynlegt.

Þjóðin veit að líkt og samhugur er forsenda farsæls fjölskyldulífs eru takmörk fyrir því hve lengi samfélag þolir þá upplausn sem stöðug átök hafa í för með sér.

Því heiti ég á þessari stundu á okkur öll, sem sækjum umboð til þjóðarinnar, heiti á Alþingi og sveitarstjórnir, alla sem kjörnir eru til

ábyrgðar, að við tökum upp nýja siði, látum átökin víkja og röðum verkefnum á þann veg að breiður stuðningur verði að baki ákvörðunum.

Með samstöðu að leiðarljósi getum við farsælega ráðið til lykta breytingum á stjórnarskrá, skipað sambúð okkar við aðrar þjóðir í traustar skorður, lagt grundvöll að öfluglu efnahagslífi og velferð allra, skapandi menningu og menntun; gert Ísland að þeirri fyrirmynd velferðar, hagsældar og lýðræðis sem ungar kynslóðir dreymir um.

Samstaða um slík þáttaskil yrði efnisrík að innihaldi, byggð á vilja fólksins, á kraftinum sem býr í þjóðinni.

Hún myndi líka gera okkur betur í stakk búin til að leggja öðrum lið, nýta íslenska reynslu í glímunni við verkefni sem heimsbyggðin telur brýn.

Bráðnun jökla, breytingar á loftslaginu og auðlindum úthafanna, þörfin á nýjum orkugjöfum og víðtækri fæðuöflun hafa beint sjónum annarra að árangri okkar Íslendinga. Því sækja erlendir ráðamenn í vaxandi mæli til Íslands, leita að efniviði í farsælar lausnir.

Þegar ísinn á báðum heimskautum hopar ört og klakahellur Grænlands brotna í hafið geta rannsóknir á jöklum Íslands aukið skilning á hve hratt hættan á óafturkræfum loftslagsbreytingum vex, breytingum sem á skömmum tíma geta umbylt lífsskilyrðum allra jarðarbúa.

Þegar öfgar í náttúrunni – ofsaveður, skógareldar, hitabylgjur, flóð sem drekkja byggðum bóllum – eru nánast daglegt brauð, hafa viðbrögð Íslendinga við eldgosum og jarðskjálftum, almannavarnir byggðar á þátttöku íbúanna og fremstu tækni í viðvörunum og miðlun upplýsinga, orðið æ fleirum forvitnileg fordæmi.

Þegar ofveiði ógnar í vaxandi mæli lífríkinu í heimshöfunum – þar yrði að óbreyttu auðnin ein innan fáeinna áratuga – er reynsla Íslendinga við verndun fiskistofna, stjórn veiða og eftirlit með siglingu skipa, aflanum og vinnslu hans sönnun þess að hægt er að koma á sjálfbærri nýtingu á auðæfum hafsins. Því er til umræðu hvernig aðgangur allra á netinu að myndum frá gervihnöttum getur ásamt skráningu að íslenskum hætti stuðlað að verndun fiskimiða og úthafanna.

Þegar nýting orku úr kolefnum raskar jafnvæginu í sambúð manns og náttúru er um alla veröld ákaft leitað að aðferðum til að breyta orkubúskap. Þess vegna er íslensk kunnátta nú þegar nýtt í flestum álfum; fjöldi ríkja sækist eftir samvinnu við samfélag vísinda og tækni sem hér hefur þróast. Þar eru Indland og Kína, Evrópa, Afríka og Bandaríkin saman í för.

Þegar skortur á fæðu og þörfin á að nýta til hlítar afurðir lands og sjávar eru brýnt úrlausnarefni og verða enn frekar þegar íbúar jarðar ná níu milljörðum, þá er þurrkun Íslendinga á sjávarfangi sem áður var hent, ræktun í gróðurhúsum og uppgræðsla sanda árangur sem aðrar þjóðir vilja í auknum mæli gera að efniviði uppbyggingar, traustum hlekkjum í fæðuöflun framtíðar.

Allt er þetta sönnun þess að þrátt fyrir andstreymi hafa Íslendingar haft erindi sem erfiði, geta nú lagt öðrum öflugt lið og um leið styrkt sjálfstæðan sess okkar sjálfra.

Hagur Íslands hefur aldrei hvílt á jafn fjölþættum stoðum. Því ræður einkum lega landsins á Norðurslóðum, góð sambúð við nágrannaþjóðir og víðtæk samvinna við ríki, stór og smá, í öllum álfum.

Þessi styrkur eflist líka af samstöðunni í okkar eigin röðum, skyldu allra sem ábyrgð bera að hlýða kalli þjóðarinnar um þáttaskil, um einingu í stað átaka, uppbyggingu í stað sundurlyndis.

Óskin um slíka samstöðu er kjarninn í lærdóminum sem forsetakjórið færði okkur, kjarninn í traustinu sem þessi athöfn helgar, ábyrgðinni sem þjóðin felur mér.

Vegferðin frá því ég undirritaði í fyrsta sinn eiðstaf forsetans hefur vonandi gert mig hæfari til að axla þá ábyrgð af auðmýkt, fært mér reynslu og þroska, þekkingu, umburðarlyndi og skilning, eiginleika sem nýtast munu á komandi tíð.

Mörgum ber að þakka: fólkinu vestur á fjörðum, bændum og sjómönnum sem lífsbaráttan hafði agað og hert, íbúum þorps og kaupstaðar, foreldrum, afa og ömmu, sem ólu mig upp, fjölskyldunni sem deilt hefur gleði og sorgum, saknar ávallt Guðrúnar Katrínar en hefur á liðnum árum borið gæfu til að vaxa og dafna; án dætra minna og Dorritar hefði ég vart haft styrk til að standa á ný í þessum sporum.

Það er vandi að reynast á langri leið verðugur þess trausts sem þjóðin hefur sýnt mér; sú skylda áfram leiðarljós að forsetinn á fyrst og fremst að þjóna fólkinu í landinu, ganga til verka sérhvern dag með lýðræði og þjóðarhag að stefnuvita.

Það verður á ný mitt veganesti í samvinnu við ykkur öll; Íslandi, ættjörðinni til heilla og gæfu.